

Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Starfsáætlun 2017 - 2018



Október 2017
Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri

Efnisyfirlit

| | | |
|-----------------------------------|--|----|
| 1 Almennar upplýsingar | | |
| 1.1 | Gerð leikskóla, húsnæði, lóð og rými | 3 |
| 1.2 | Námskrá og stefna | 3 |
| 2 Mat á starfi 2016 - 2017 | | |
| 2.1 | Mat á starfsáætlun, niðurstöður og úrbætur | 5 |
| 2.2 | Matsaðferðir – eftirlit og niðurstöður | 7 |
| 3 Starfsáætlun 2017 - 2018 | | |
| 3.1. | Uppeldisstarfið | 9 |
| 3.2. | Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir | 9 |
| 3.3 | Þróunar og nýbreytnistarf | 11 |
| 3.4 | Mat á starfinu – matsaðferðir | 12 |
| 3.5 | Kynning á leikskólanum | 12 |
| 4 Börn | | |
| 4.1. | Fjöldi barna, samsetning hópsins, aldur | 13 |
| 4.2 | Dvalartími, barngildi | 13 |
| 4.3 | Aðlögun barna | 13 |
| 4.4 | Flutningur milli deilda | 13 |
| 4.5 | Útskrift | 13 |
| 4.6 | Sérkennsla | 14 |
| 5 Starfsmenn | | |
| 5.1 | Framkvæmd starfsmannastefnu – móttaka nýrra starfsmanna | 14 |
| 5.2 | Starfsmenn, fjöldi stöðugilda, menntun sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi , námsleyfi, hreyfing á starfsfólki o.fl. | 15 |
| 5.3 | Fundir | 15 |
| 5.4 | Skipulagsdagar, námskeiðsdagar | 15 |
| 5.5 | Endur- og símenntunaráætlun, fyrirlestar ráðstefnur ofl. | 16 |
| 6 Foreldrasamstarf | | |
| 6.1 | Áherslur | 16 |
| 6.2 | Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu | 16 |
| 6.3 | Fræðsla og upplýsingar til foreldra | 16 |
| 6.4 | Foreldraráð | 17 |
| 6.5 | Foreldrafélag | 17 |
| 7 Samstarf | | |
| 7.1 | Samstarf við grunnskóla | 17 |
| 7.2 | Samstarf við aðra | 17 |
| 7.3 | Nemar | 17 |
| 8 Öryggismál | | 17 |

Lokaorð

1 Almennar upplýsingar

1.1 Gerð leikskóla, húsnæði, lóð og rými

Heilsuleikskólinn Urðarhóll er starfræktur í þremur húsum og eru rými fyrir 135 börn. Urðarhóll er 630 m² að stærð við Kópavogsbraut 19 og annað hús á sömu lóð er Stubbasel 127 m². Þriðja húsið Skólatröð er 170 fm² og stendur við Skólatröð.

Skólatröð var opnuð 1995 og er fyrir 26 börn, Stubbasel kom inn í reksturinn 1997 og er fyrir 19 börn og Urðarhóll opnaður árið 2000 fyrir 90 börn. Eldri húsin tvö Skólatröð og Stubbaseli eru með mörgum herbergjum, en Urðarhóll er með stórum opnum sameiginlegumrýmum.



Urðarhóll



Stubbasel



Skólatröð

1.2 Námskrá og stefna

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, lögum um leikskóla, Aðalnámsskrá leikskóla, Námskrá Kópavogs, Umhverfisstefnu leikskóla Kópavogs og heiltæk skólafestna. Skólanámsskrá Heilsuleikskólans Urðarhóls byggir á því að hafa heilsu og vellíðan barnanna í fyrirrúmi.

Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun.

Í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er unnið með áherslu á heilsufar barnanna samkvæmt Heilsustefnunni sem var mótuð hér í skólanum þ.e. í Skólatröð á árunum 1995 – 1996 og eru 25 leikskólar víðsvegar um landið sem starfa samkvæmt þeirri stefnu í dag. Við teljum að auka megi vellíðan barnanna með hollum mat, mikilli hreyfingu og útiveru. Einnig að sköpun sé góð aðferð til að fá útrás fyrir tilfinningar sínar með söng, leiklist, dansi og fá að skapa óhindrað úr verðlausum og opnum efnivið.

Í hreyfipættinum er lögð áhersla á að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Auk þess að efla vitneskju um líkamann, styrkja sjálfsmynd, stuðla að betri hreyfifærni, auðvelda samskipti og læra hugtök.

Varðandi næringuna er lögð áhersla á að hafa sem minnst af viðbótar fitu, sykri og salti í matnum, lögð er áhersla á mikilvægi fæðuhringsins og matarhefðir í hávegum hafðar. Öll börn fá lýsi sem viðbót við fæðuna til að fyrirbyggja skort á D vítamíni. Í Urðarhóli bjóðum við uppá ferskmeti sem unnið er hér á staðnum.

Lögð er áhersla á sköpun til að örva tjáningu, auka hugmyndaflug, sköpunargleði og að kynnast mismunandi efniviði og handfjatla hann, einnig að skynja fegurð í umhverfinu. Í starfi skólans er reynt að hafa einfaldleikann í fyrirrúmi og að njóta líðandi stundar.

Allt er þó með ákveðnu skipulagi, sem sveigt er til, ef það má verða til þess að auka gleði og vellíðan. Auk þeirra þriggja þátta sem fyrr er greint frá, er lögð áhersla á að svefnþörf barnanna sé fullnægt í skólanum. Áherslupættirnir þrír eru alltaf til staðar í hugsun og vinnu kennaranna.

Eins og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim skapast heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggja á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur líka fyrir komandi kynslóðir. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði, mannréttindi, heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hvernig það þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærni, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbindingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

Námssvið leikskólans - Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá kennurum. Góður tími er gefinn fyrir leikinn í skólanum og er reynt að láta sjálfsprottna leikinn hafa nægan tíma í skólastarfinu, þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín með þau leikefni sem eru í boði, bæði inni og úti. Allt starf leikskólans byggir á því að börn læra best í gegnum leik. Námssviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Markmið og leiðir má finna í skólanámskrá Urðarhóls.

2. Mat á starfsáætlun 2016 – 2017

2.1. Mat á starfsáætlun, niðurstöður og úrbætur.

Framkvæmd starfsáætlunar fyrir skólaárið 2016 - 2017 gekk mjög vel. Allt starfsfólk skólans var þátttakendur í að færa inn á áætlunina og tengdu það svo inn í deildarstarfið. Til gamans má geta þess að fagstjóri okkar í tónlist hún Birte Harksen hlaut viðurkenningu ársins 2016 frá Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogs fyrir starf í þágu jafnréttis og mannréttinda.



Næring

Við höfum verið ánægð með markmið okkar í næringu og festum kaup á matseðlum og uppskriftapakka á vegum Samtaka heilsuleikskóla. Kennarar ánægðir með matseðlana og allt virðist ganga vel.

Hreyfing

Íris Ósk Kjartansdóttir sér um markvissa hreyfingu í sal einu sinni í viku þar sem umhverfið er útbúið til að ýta undir samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Útinámið gekk vel og gott að geta starfað þvert á deildar til að börnin kynnist betur. Stefnum á að vera með 3 árganga í útinámi á næsta ári.

Við fórum í samstarf við Íþróttasamband fatlaðra um YAP hreyfipjálfun fyrir börn með slaka hreyfifærni. Verkefni sem fellur vel að því sem við erum að gera í hreyfipættinum. Á vordögum tókum við í notkun klifurvegg sem sameinar markmið okkar í hreyfingu þ.e. að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Veggurinn hefur vakið mikla athygli og er vinsæll hjá börnunum.



Sköpun

Tónlistastarfið hefur verið til fyrirmyndar. Birte Harksen er fagstjóri í tónlist og heldur utan um tónlistarstarfið á öllum deildum auk þess sem hún leiðir sameiginlegar söngstundir skólans. Við fléttum saman hreyfingu og tónlist í dans tíma sem eru hálfsmánaðarlega fyrir hvert barn 3 – 5 ára. Birte heldur utan um dansinn en kennarar deilda eru virkir þátttakendur með börnunum. Birte hefur nýtt tónlistina sem fylgir Vináttuverkefninu Blær og fléttað það inn í dansstundirnar.

Textíilverkefnið „Viltu koma að sauma“ var skemmtileg viðbót í starf leikskólans. Í þessu verkefni er unnið þvert á námsgreinar og er verkefnið í umsjón Guðrúnar Björnsdóttur. Að efla læsi í gegnum textílnám var skemmtileg nálgun þar sem unnið var með samspil hugar og handar. Afraksturinn leyndi sér ekki á opnu húsi þann 11. maí þegar foreldrar og aðrir góðir gestir komu að skoða vetrarstarfið.

Öskudagurinn

Almenn ánægja var með skipulag öskudagsins og var ákveðið að hafa sama hátt á og hafa náttfata- og búningadag með fylgihlutum á öskudaginn 2018

Opið hús

Opið hús var seinnipart dags og var þá foreldum boðið að koma og skoða afrakstur vetrarins auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum. Þetta kom sérlega vel út og sérstaklega fyrir yngri börnin

Útskriftarferð

Hefur gengið vel og ákveðið að hafa sama háttinn á .

Útskrift

Útskrift elstúbarna vað að morgni og foreldrum barnanna boðið að koma við útskrift, Skólustjóri hélt stutta tölu og börnin fengu afhent útskriftarskirteini. Börnin sungu að lokum nokkur lög og buðu upp á nýbakað brauð og heilsusafa.

Sumarskólinn

Sumarskólinn var á sínum stað þar sem hver deild sá um eitthvað viðfangsefni í útiveru. Það reyndist vel að deildarstjórar héldu utan um hvað var í boði og dreifðu verkefnum á sína kennara.

Skógarhóll fyrir 5 ára börnin.

Gekk mjög vel og var öflugur hópur kennara sem gerði það að verkum að börnin voru spennt og glöð að mæta í leikskólann sinn. Markmiðið var að efla sjálfstæði barnanna og efla ábyrgð þeirra á sínum fatnaði. Foreldrar voru almennt ánægðir með fyrirkomulagið.

Aðlögun milli deilda

Mikilvægt að gefa góðan tíma í þetta og hafa bil á milli hópa. Elstúbörnin færðu sig á Skógarhól daginn eftir formlega útskrift. Börn af yngrideildum færðust yfir á eldri deildar viku seinna og svo kom fyrsti hópur nýnema á yngri deildar vikunni eftir það þ.e 1. júní. Kennarar ánægðir með fyrirkomulagið og létir mikið álgði á haustaðlögun. Nauðsynlegt

að hafa kynningarfund fyrir foreldra á öllum aldurshópum þ.e. fyrir nýnema, börn að færast yfir á eldrideild og svo fyrir foreldra barna sem fara á Skógarhól þ.e. deild fyrir útskriftarnema.

Læsisverkefni Kópavogs

Læsisverkefni á vegum Kópavogsbæjar var skemmtilegt og fékk kennara til að draga betur fram læsishvetjandi umhverfi í leikskólanum. Okkar verkefni var að skoða hvað hvað við erum að gera og taka saman verkefni sem hægt væri að grípa í. Hver kennari gerði verkefni í læsishvetjandi poka til að auka þátttöku og skilning kennara á verkefninu.

Blær

Vinátta eða *Fri for mobberi* var unnið á öllum deildum og voru tvær deildar sem náðu að tengja efnið þvert á inn í læsisverkefnið. Á öðrum deildum var efnið tekið fyrir og verið að móta leiðir til að börnin tileinki sér námsefnið bertur. Í endurmati kom fram að kennarar eru áhugasamir að nýta sér efnið áfram og tengja það meira inn þvert á námsviðin. Vinna markvist með hugtökin samtímis í öllum skólanum. Áhugi er á því að festast ekki í spjöldunum heldur nýta skapandi leiðir að sameiginlegu marki.

Mat á námi og velferð barna

Urðarhóll tók þátt í samvinnuverkefni á vegum RannUng og HÍ um mat á námi og velferð barna 2015 – 2018. Meistaraneimi frá HÍ félt utan um framkvæmdina en kennarar skólans nýttu sér book creator. Tæknin þvældist fyrir okkur en hófst fyrir rest. Við sjáum þessa aðferð árangursríka til að skoða betur leikferli barnsins og tengja við okkar skráningar í Heilsubók barnsins. Tímaleysi er helsti þröskuldurinn.

Foreldraráð

Foreldraráðið fundaði lítið þetta skólaár fyrir utan fasta fundi um starfsáætlun, stöðu leikskólans og starfsmannamála. Við ætlum að reyna að efla starfið aftur á næsta skólaári.

Foreldrafélagið

Foreldrafélagið var öflugt og fóru samskipti þeirra og skipulag mest fram í gegnum Facebook. Þetta árið var ákveðið að miða uppgjör við ágúst 2016 – júlí 2017 í stað þess að bíða þar til nýtt foreldrafélag er skipað um mánaðarmótin september / október og reynist það mun betur.

2.2 Matsaðferðir – eftirlit og niðurstöður

Ecers

Betri árangur var vorið 2017 en árið 2015. Börnum hefur fækkað um 6 í Urðarhólshúsinu, talsverðar endurbætur hafa farið fram á húsnæði í stóra húsinu það hefur skilað sér. Meðaltalsgildi Ecersmatsins var 6 fyrir árið 2017 en var 5.7 fyrir árið 2015.

Starfánægjukönnun

Alls svöruðu 26 kennarar starfsánægjukönnuninni. Könnunin kom í flesta staði vel út þar sem all flestir voru mjög sammála eða sammála í eða um 90%. Þau atriði sem við þurfum að skoða betur er að hvetja kennarar til að nýta sér sí og endurmenntun, bera ábyrgð á sér og sækja um styrki til sinna aðildafélaga. Ef kennari situr uppi með eitthvað sem veldur

honum áhyggjum er gott að leita til stjórnenda og finna leiðir saman til úrbóta. Mest var sett út á vinnuáðstöðu en könnunin er ekki nægilega greinandi til að finna út hvað það er sem er ábótavant..

Starfsmannasamtöl

Starfsfólk er almennt ánægt í sínu starfi og þakklátt fyrir góðan starfsanda og samstarf. Allir tilbúnir að leggja sitt að mörkum til að hlutirnir gangi. Fólk talar um álag og lítinn tíma til faglegrar umræðna. Óska eftir að fagfundir komi inn aftur og vilja halda deildarfundum eftir vinnu eins og byrjað var á í fyrra. Skapar minna álag á daginn og meiri yfirvegun á fundum þar sem ekki er verið að hafa áhyggjur af börnunum. Það er mikið talað um of stóra barnahópa þrátt fyrir að fækkað hafi verið á fjórum deildum. Flest börn komin í 8 – 9 klukkustundir. Vinnuástaða mætti vera betri þ.e. komið að endurnýjun á stólum fyrir börnin og aðstöðu fyrir starfsmannafatnað.

Hljóm 2

Alls voru 35 börn sem fóru í skimun á hljóðkerfisvitund Hljóm-2 haustið 2016. 26 börn komu út með góða færni eða meðal færni, 6 börn voru með slaka færni og 3 börn með mjög slaka færni. Í fyrra veltum við því fyrir okkur hvort hljóðvist hafi áhrif á hljóðkerfisvitund barnanna því 4 af 5 börnum með mjög slaka færni voru í Urðarhóli. Í ár voru fjögur af 9 börnum, með slaka eða mjög slaka færni, í Urðarhóli. Hljóðvist var löguð í Urðarhóli síðast liðið haust svo það er spurning hvort þetta hafi áhrif og gaman verður að fylgjast með þessu í nánustu framtíð.

EFI 2

Málþroskaskimun EFI 2 er ætlað að meta málskilning og tjáningu barna á aldrinum 3.2 – 3.10 ára. Niðurstöður haust 2016 voru að 31 barn voru með góðan málskilning en 5 börn með slakan málskilning og 4 börn voru á gráu svæði.

Heilbrigðiseftirlit

Reglubundið eftirlit var framkvæmt 1. nóvember 2016. Samkvæmt eftirlistsskýrslu var aðbúnaður og eftirlit í lagi. Þrífásýni voru fullnægjandi. Skráning um innra eftirlit þarf að bæta til að auka rekjanleika.

Eldvarnareftirlit

Ekki var gerð úttekt á eldvarnareftirliti þetta árið, En Öryggismiðstöðin sá um að yfirfara slökkvutæki og reyksynjara þann en Rafgeisli sá um að yfirfara neyðarlýsingu 1. apríl 2016

Slys á börnum

Urðarhóll

Alls voru 4 atvik skráð vegna slysa. Þar af 3 börn með minniháttar áverka þ.e. skrámur, skurðu eða kúla, 1 barn fór til tannlæknis og var talið að fullorðinsvísar væru í lagi. Gerð var tjonaskýrsla og tilkynnt til VÍS.

Stubbasel

Alls voru 2 atvik skráð vegna slysa. Öll álitin minniháttar þ.e. skráumur og mar.

Skólatröð

Alls voru 2 atvik skráð vegna slysa. Annað var handleggsbrot þar sem barn steig á bolta og datt. Hitt tilfellið var tognun vegna falls. Leitað var á heilsugæslu í báðum tilfellum.

3 Starfsáætlun 2017 - 2018

3.1 Uppeldisstarfið

Við leggjum okkur fram við að halda faglegu og góðu starfi. Unnið er samkvæmt lögum og reglum um leikskóla, námskrá leikskólans, Heilsustefnunni og aldursskiptum námskrám Kópavogs.

Allt nám barnsins fer fram í gegnum leik. Náms sviðin eru fléttuð inn í leikinn, hópastarf og daglegt starf.

Næring, hreyfing og sköpun er rauður þráður í gengum allt starfið. Íris Ósk Kjartansdóttir er fagstjóri í íþróttum. Hún leiðir íþróttastarfið sem verður einu sinni í viku í íþróttasal og útiámið sem verður unnið í aldurshreinum hópum þvert á deildar. Við teljum að það auki félagaval þar sem börnin kynnast jafnöldrum sínum í öllum skólanum.

Birte Harksen verður fagstjóri í tónlist og heldur utan um tónlistarstarfið á öllum deildum auk þess sem hún leiðir sameiginlegar söngstundir skólans. Birte heldur einnig utan um dans tíma þar sem við fléttum saman hreyfingu og tónlist.

Guðrún Björnsdóttir mun vinna áfram með verkefnið „viltu koma að sauma“ þetta skólaár. Guðrún verður tvær klst í viku á hverri deild þar sem hún ætlar að vinna að læsishvetjandi verkefnum í samvinnu við kennara deildanna. Í gegnum textílmennt er unnið þvert á náms svið leikskóla og áhersla lögð á sköpunargleði barnsins.

Ingibjörg Ásdís Sveinsdóttir eða Imma eins og við köllum hana er okkar sagnaþula. Hún er snillingur í að leika sér að bókum og fá börnin með í ævintýraheim bókanna. Við reynum eftir fremsta megni að nýta hennar hæfileika til að fara inná allar deildar til að segja börnunum sögur.

Til að fylgjast með málþroska barnanna leggjum við fyrir mat á málþroska fyrir börnin þ.e. EFI-2 fyrir 3ja ára börnin og HLJÓM-2 fyrir 5 ára börn.

Við höldum áfram með Vináttu verkefnið á vegum Barnaheilla. Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir er umsjónamaður þess verkefnis í okkar skóla.

Umhverfisvernd verður ríkjandi í skólanum. Við erum að flokka sorp og endurnýta hluti.

Rebekka Gylfadóttir aðstoðarleikskólastjóri í Skólatröð og Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir aðstoðarskólastjóri í Urðarhóli munu leysa Elínu Maríu Ingólfsdóttur af þar sem hún verður í veikindaleyfi eitthvað fram eftir vetri. Við munum hafa sérkennsluna með sama hætti þ.e. að taka 3. og 4. flokkinn út úr deildarþróttunni. Það verða leikskólakennarar sem taka að sér sérverkefni og fara í átakslotur t.d. vegna málþroska, hegðunar og kvíða. Einnig komum við til með að samnýta tímana og búa til málörvunarhópa þvert á deildar. Markmið er að hafa sjónrænar stundatöflur í daglegu starfi á öllum deildum til að auka öryggi allra barna en ekki hvað síst barna af erlendum uppruna og þeirra sem haldin eru kvíða.

3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir. Sjá fylgiskjal 1

Heilsubókaskráning er í október og febrúar.

Gengið gegn einelti er samvinnuverkefni leik- og grunnskóla ásamt félagsmiðstöðvum. Í ár koma nemendur úr 9. og 10. bekk Kársnesskóla og Kópavogsskóla stefnt er að því að ganga saman með spjöld með einkunnarorðum um vináttu.

Flæði verður í Urðarhóli og Stubbaseli tvisvar á skólaárinu, þ.e. það verður opið hús og börnin velja sér viðfangsefni óháð deildum Skólatröð kemur með elstu börnin í Urðarhól.

Í Urðarhóli er barnið í brennidepli á afmælisdaginn sinn. Það fær kórónu sem það fer svo með heim, íslenska fánanum er flaggað og afmælissöngurinn sunginn.

Elstu börnum skólans er boðið á sýningu í Þjóðleikhúsið. Bernd Ogradniks brúðugerðamaður sér um sýningu fyrir leikskólabörn. Þetta er liður í kynningu Þjóðleikhússins á starfi sínu.

Elstu börnum skólans er boðið á Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu til að hlusta á Veiðum vind. Þetta er liður í að kynna Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt því að kynna börnunum Hörpuna sem hlómleikahús.

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur með sérstakri sögustund fyrir börnin. Í þessari viku ætlum við að hafa átak í læsi. Hvetja foreldra til að lesa fyrir börnin og senda heim fróðleik um læsi.

Slökkviliðið kemur með fræðslu fyrir elsta árgang skólans og ræðir brunavarnir og viðbrögð við hættuástandi.

Farið verður í Kópavogskirkju í desember þar sem jólasagan verður sögð og sungin jólalög. Samverustund með foreldrum og jólamatur verða einnig á aðventunni. Jólábókalestur – söngvar, bakstur og jólagjöf verða fléttuð inn í dagskipulagið í desember. Á þrettándanum verða jólin dönsuð út í borðstofu.

Þorrablot verður haldið á Bóndadaginn. Mjólkurgrautur, slátur og “smakk” af hinum gamla góða þorramat verður framreiddur á hlaðborði venju samkvæmt. Sungin verða þorralög og börnin hanna höfuðföt sem þau skarta þennan dag. Komin er hefð á að starfsfólkið leggur sig eftir því að koma ullarklætt þennan dag og verður svo áfram.

Foreldrafélagið mun væntanlega bjóða börnunum á leiksýningu á skólaárinu eins og áður.

Á Degi leikskólans er flæði í leikskólanum auk þess fara barnahópar út í samfélagið og syngja til að varpa ljósi á leikskólabarnið.

Um miðjan febrúar verður haldið upp á Bolludag, með viðeigandi bolluáti og á Sprengidag verða saltkjöt og baunir í hádegisverð. Á Öskudag verður slegið upp náttfata-

og grímuballi í hverju húsi, þar sem popp verður “slegið úr tunnunni” og dansað af miklum móð.

Heilsudagur - Opið hús. Foreldrum, vinum og ættingjum boðið að kynna sér brot af því starfi sem unnið hefur verið yfir veturinn

Sumarhátíð foreldrafélgagsins verður á sínum stað.

Foreldrafélagið og skólinn standa fyrir vorferðum. Útskriftarbörn fara í heilsdagsferð í Viðey. Foreldrafélagið hefur ákveðið að breyta fyrirkomulaginu á sveitaferðinni og fara á frídegi ekki hefðbundnum leikskóladegi.

Í júnímánuði stendur til, venju samkvæmt, að tveir elstu árgangar skólans fari á sundnámskeið Breiðabliks í Sundlaug Kópavogs einu sinni á dag í tvær vikur. Kennarar skólans fara með börnin til og frá sundstað og foreldrar borga kostnaðinn.

17. júní verður haldinn hátíðlegur með söngstund, fánagerð og vöflum.

Urðarhólshlaupið er haldið í kringum 19. júní og helgað Unni Stefánsdóttur, heitinni.

Stefnt er að góðum ferðum s.s. niður að Reykjavíkurtjörn og Kópavogslæk, Kópavogsdal í Borgarholtið, Rútstún, Hlíðargarð og fjöruna fyrir sunnan Urðarhól þetta eru vinsælustu staðirnir sem við heimsækjum í nágrenninu allt árið.

Næsta sumar er stefnt á að fá unga fólkið í Skapandi sumarstarfi í heimsókn - sem hefð hefur skapast fyrir.

3.3 Próunar- og nýbreytnistarf

Leikskólinn var vígður sem heilsuleikskóli 30. ágúst 1996 og síðan þá höfum við verið að þróa nýjungar í starfinu sem eru í anda Heilsustefnunnar. Meðal annars var útbúinn klifurveggur sem eflir markmið okkar í hreyfingu sem eru samhæfing, jafnvægi, kraftur og þor.

Guðrún Björnsdóttir er að vinna að útgáfu bókar um textílmennt í leikskólum. Bókin er hugsuð sem handbók kennara til að hvetja kennara til að vinna með textílmennt þvert á námsvið leikskóla.

Við ætlum að halda áfram með verkefnið Vináttan sem Barnaheill gefur út. Námsefnið „Vináttan“ sem er hugsuð til að styrkja félagslega færni barna og þar með sporna gegn einelti. Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir verður verkefnastjóri þess verkefnis.

Urðarhóll er þátttakandi í geðræktarverkefni ásamt Fífusölum í Kópavogi. Verkefnið hlaut styrk frá lýðheilsusjóði Embætti Landlæknis og verður verkefnið í formi fræðslu til kennara um geðrækt. Kennarar skólans munu fá fjóra fyrirlestra ásamt verkefnum til að vinna að. Dr Sólfríður Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur heldur utanum þetta verkefni.

3.4 Mat á starfinu - matsaðferðir - eftirlit

Í Heilsubók barnsins er skráð staða hvers barns í áhersluþáttum skólans, þ.e. næringu, hreyfingu og listsköpun auk þess er skráð lífsleikni, hæð, þyngd og heilsufar. Skráningin fer fram í október og mars ár hvert.

Starfsmannasamtöl verða tekin á vorönn. Hver starfsmaður fær um 45 mínútur. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar taka viðtölin.

Fimm ára börnin meta ákveðna þætti skólastarfsins eftir myndrænum matsblöðum. Sérkennslustjóri heldur utan um framkvæmd matsins.

Foreldrakönnun send rafrænt til foreldra.

3.5 Kynning á leikskólanum

Mikil ásókn hefur verið undanfarin ár frá leikskólakennurum, nemendum HÍ og matráðum að heimsækja skólann til að kynna sér Heilsustefnuna. Flestar heimsóknir eru kennarar sem eru að nýta skipulagsdag til að kynna sér aðra skóla auk þeirra sem koma til að kynna sér einstök verkefni.

Við höfum tekið á móti hópum erlendra kennara frá Bretlandi, Ameríku og Ástralíu á vegum samtaka Play Iceland og Education Iceland. Þetta eru samtök kennara sem miðla af þekkingu sinni hvernig unnið er með frjálsan leik, sköpun og útinám. Þrír kennarar frá Urðarhóli tóku þátt í dagskránni alla vikuna m.a. með móttöku tveggja hópa.

Við leggjum okkur fram við að kynna starf skólans sem best hvort sem þau eru kynnt hér í leikskólanum og eða einstaka kennarar eru fengnir til að kynna í öðrum skólum og/eða á námskeiðum eru:

Heilsustefnan er vinsæl meðal hópa sem koma að kynna sér starfshætti okkar.

Breitt og fjölbreytt tónlistarstarf sem er þróunarverkefni sem Birte Harksen sér um. Hún hefur opnað vefsíðu www.bornogtonlist.net sem er síða til að miðla hugmyndum að tónlist með börnum.

Möguleiki barnabók/ Leikur að bókum er þróunarverkefni Ingibjargar Sveinsdóttur og Birte Harksen. Verkefnið byggir á því hvernig hægt er að flétta efni barnabókmennta inn í daglegt starf leikskólans. Þar er efni bókanna glætt lífi í formi hreyfingar, leiklistar og tjáningar. Birte og Ingibjörg hafa opnað vefsíðu www.leikuradbokum.net þar sem þær deila hugmyndum sínum með öðrum.

Útinám er leið til að auka fjölbreytni hreyfingar og sköpunar barna. Í útináminu eflist félagsþroskinn og börnin njóta frelsis innan ákveðins ramma. Þróunarverkefnið „Mörk án landamæra“ hefur verið vinsælt meðal annarra leikskóla.

4 Börn

4.1 Fjöldi barna, samsetning hópsins, aldur

Skólinn er skráður fyrir 135 börn. Í Urðarhóli er rými fyrir 90 börn þ.e. 20 börn tveggja til þriggja ára á báðum yngri deildum og 25 á þeim eldri sem eru fyrir þriggja til sex ára. Í Skólatröð er rými fyrir 26 börn á aldrinum þriggja til sex ára og í Stubbaseli eru 19 börn á aldrinum fjöggra til sex ára.

Aldursdreifingin í skólanum er eftirfarandi:

Börn fædd 2012 alls 51
Börn fædd 2013 alls 33
Börn fædd 2014 alls 27
Börn fædd 2015 alls 23
Börn fædd 2016 alls 1

4.2 Dvalartímar, barngildi

Skólinn er opin frá kl. 7:45 – 17:00. Skólatröð og Stubbasel er lokað kl 16:30 en aðrar deildir skólans sameinast annað hvort úti eða inni í borðstofu Urðarhóls þar til skólanum er lokað kl. 17:00. Áætlað er að dvalartímar barna verði um 1090 klst þ.e. að meðaltali 8,10 klst á dag hvert barn.

4.3 Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Þátttökuaðlögun er það form sem við höfum tileinkað okkur og gefist vel. Foreldrar fá upplýsingar í tölvupósti um skólann, aðlögunarferli og atriði sem gott er að hafa í huga þegar barn byrjar í leikskóla. Foreldrar fá einnig fundarboð á kynningarfund hverrar deildar. Á þeim fundi er starfsemi skólans kynnt, foreldrar undirrita dvalarsamning og tækifæri gefst til að spyrja um aðlögunina og skólastarfið. Þetta er gert til að auka tengsl stjórnenda og kennara deildanna við foreldrahópinn. Aðlögunarferlið er svo kölluð þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru í þrjá daga frá kl 9:00 – kl 14:00 með barninu og taka þátt í starfinu með barninu sínu. Á öðrum degi er foreldrum boðið á fund með stjórnendum skólans þar sem farið er yfir Heilsubók barnsins ásamt áherslum í starfi skólans. Þar gefst einnig tækifæri til að ræða um markmið skólans og uppeldisstarfið almennt. Að sjálfsgöðu er tekið tillit til þarfir einstaklinga svo aðlögun getur verið allt frá einum degi og upp í tvær vikur.

4.4 Flutningur milli deilda

Kennarar skólans sjá um flutning barna á milli deilda. Hópar ásamt kennara fara á milli deilda á sumarönn og stefnt er að því að börnin séu aðlöguð á eldri deild fyrir sumarfrí. Foreldrar fá kynningarfund á nýrri deild þar sem deildarstjóri segir frá starfi deildarinnar.

4.5 Útskrift

Útskriftarhópurinn fer saman í vorferð út í Viðey. Þar dvelja þau heilan dag og njóta þess að vera úti í náttúrunni.

Útskriftin sjálf er að morgni í lok maí og er foreldrum barnanna boðið. Kennari talar til

barnanna um skólalokin, skólastjóri afhendir útskriftarskírteini og börnin syngja eða sýna leikrit. Í lok athafnar bjóða börnin foreldrum sínum upp á veitingar að hætti skólans. Eftir útskrift sameinast hópar sem fara í sama grunnskóla þ.e. Skólatraðarbörnin eru í sínum hóp en börnin í Stubbaseli, Skýjahóli og Sjávarhóli fara í borðstofu þar sem við höfum útskriftarbörnin saman yfir sumarið. Þar ná þau að kynnast betur áður en þau fara saman í Kársnesskóla.

4.6 Börn sem njóta sérkennslu.

Í ár eru það 13 börn nýta tíma úr fyrsta og öðrum flokki alls 25 klst. á dag.

Börn sem njóta sérkennslu úr 3. og 4. flokki verða um 27 og skipta með sér 13 klst. Þau börn fá viðbótar örvun í málþroska, hreyfiproska, félagslegri færni ýmist hluta af skólaárinu eða allt skólaárið eftir þörfum.

Börn af sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna eru 8 frá 5 þjóðlöndum. Börn sem eiga annað foreldrið af erlendum uppruna eru 14 frá 12 löndum. Unnið verður á ýmsan hátt við að efla íslensku þeirra. Í sumum tilfellum voru útbúnar málörvunarbakur, sérstakar málörvunarstundir o.fl.

5 Starfsmenn

5.1 Framkvæmd starfsmannastefnu

Liðsheild, fagmennska og samábyrgð eru einkunnarorð starfsmannastefnu okkar. Lögð er áhersla á að hlúa að hverjum og einum þar sem unnið er út frá sterkum hliðum hvers og eins. Við hjálpumst öll að og hver og einn er mikilvægur hlekkur í Urðarhólskeðjunni. Handleiðsla er ávalt í boði hjá stjórnendum skólans sem og leikskólaráðgjöfum Kópavogs. Starfsmannaviðtöl verða á vorönn þar sem líðan, framtíðarsýn og áhugasvið hvers og eins er rætt.

Mikilvægt er að styrkja félagslegu hliðina þegar um stóran starfsmannahóp er að ræða. Stefnt að því að hittast reglulega utan vinnu t.d. í heimahúsi, jólahlaðborði, leikhúsi/bíói, leshópum, árshátíð, gönguferðum, hlaupahópum auk þátttöku í átaksverkefnum á vegum Lýðheilsustöðvar eins og Ísland á iði og Hjólað í vinnuna. Starfandi eru nefndir þ.e. skemmtinefnd, fjáröflunarnefnd, ferðanefnd.

Móttaka nýrra starfsmanna

Þegar nýr kennari/ leiðbeinandi byrjar, sýnir leikskólastjóri honum húsnæðið og ræðir um helstu áherslur í starfi. Kennari/ leiðbeinandi les yfir Aðalnámsskrá leikskóla og Skólanámsskrá Urðarhóls. Viku eftir að kennari/ leiðbeinandi byrjar í starfi fær hann viðtal við deildarstjóra, þar sem rætt er um barna hópinn og starfið á deildinni. Mánuði síðar ræða leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri við starfsmanninn. Eftir tvo mánuði og aftur þrjá mánuði fær kennari/ leiðbeinandi handleiðslu aðstoðarskólastjóra. Að þessu loknu gengur viðkomandi inní starfsmannasamtöl eins og aðrir.

5.2 Fjöldi starfsfólks og stöðugilda, menntun, stöðuheiti, sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi, veikindi, hreyfing á starfsfólki, námsleyfi

Í Urðarhóli eru um 35 stöðugildi vegna barngilda, sérkennslu, stjórnunar, eldhúss, afleysing fyrir skólaárið 2016-2017. Fagmenntun nær ekki lágmarksviðmiðum þ.e. 2/3 hlutar sem starfa með börnum í leikskólum skuli hafa leikskólakennaramenntun en fer hækkandi þar sem við vorum með 43% á síðastliðnu skólaári.

| | | |
|---------------------|------|---------------------------|
| Leikskólakennarar | 58 % | (6% aukning frá í fyrra) |
| Aðstoðarleikskólak. | 3 % | (3% aukning frá í fyrra) |
| Háskólamenntaðir | 4 % | (7% minna frá í fyrra) |
| Leikskólaliðar | 2 % | (3% minna frá í fyrra) |
| Leiðbeinendur | 26 % | (7% minna frá í fyrra) |
| Eldhús | 7 % | |

Í Urðarhóli hefur starfsmannahald verið stöðugt til margra ára og starfsfólk er komið með langan starfsaldur við skólann. Í ár eru alls 7 kennarar heiðraðir fyrir hollustu í starfi. Það er tvær fyrir að hafa unnið meira en 10 ár, tvær fyrir að hafa unnið meira en 15 ár og þrjár fyrir að hafa unnið meira en 20 ár.

Nú í ár raðast starfsaldur á eftirfarandi hátt :

| |
|---|
| 3 starfsmaður með 20 ár eða meira |
| 11 starfsmenn með 15 ár eða meira |
| 10 starfsmenn með 10 – 15 ár |
| 3 starfsmenn með 5 – 10 ár |
| 16 starfsmenn með minna en 5 ára starfsreynslu. |

5.3 Fundir

Fyrirhugaðir fundir á árinu verða teknir að stærstum hluta utan dagvinnu. Þar sem við greinum að slys á börnum hafa verið á þeim tímum sem deildarfundir og deildarstjórafundir eru haldnir þ.e. þegar kennarafjöldinn er minni. Leikskólar þurfa að fá viðbótar fjármagn til að standa vörð um faglegt starf og að börnin missi ekki kennara sína til að sinna þeirri vinnu. Það er miður að ekki sé veitt fjármagn í þessa fundi með auka stöðugildum eða eftirvinnu. Það skapar álag á kennara og nemendur að hafa þetta með þeim hætti sem verið hefur.

5.4 Skipulagsdagur og námskeiðsdagur

Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 21. ágúst 2017

Þennan skipulagsdag erum við að fara yfir starfáætlunina ásamt því að deildar setja niður starfið innan deildar. Fyrsti fyrirlestur um Geðrækt frá dr. Sólfríði Guðmundsdóttur, geðhjúkrunarfræðingur.

Annar skipulagsdagur skólaársins 6 október 2017

Deildarfundir þar sem farið er yfir barnahópin og skráð í Helsubækur. Annar fyrirlestur um Geðrækt frá dr. Sólfríði Guðmundsdóttur, geðhjúkrunarfræðingur.

Þriðji skipulagsdagur skólaársins 2. janúar 2018

Endurmenntunarnámskeið í skyndihjálpi, þriðji fyrirlestur um Geðrækt frá dr Sólfríði Guðmundsdóttur, geðhjúkrunarfræðingi. Sameiginleg stefna fyrir vorönn.

Fjórði skipulagsdagur skólaársins 13. mars 2018

Þennan dag taka kennarar foreldraviðtöl og leiðbeinendur verða í viðgerðum á námsgögnum og endurskoðun námsumhverfis með stjórnendum.

Fimmti skipulagsdagur skólaársins 22. maí 2018

Skipulagsdagurinn verður nýttur til endurmats á haustönn og skipulagningu fyrir vorönn. Einnig verður endurmenntun með fyrirlestri eða námskeiði.

5.5 Endur- og símenntunaráætlun, fyrirlestrar, ráðstefnur o.fl.

Við bjóðum uppá lágmarks tímafjölda þ.e. 15 kennslustundir fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum skólans. Einnig hefur fólk tækifæri til að velja sér fyrirlestra, námskeið og ráðstefnur sem eru í boði. Starfsfólk er hvatt til að nýta sér endur- og símenntunaráætlun Kragans.

Þrír kennarar eru í leikskólakennaranámi við HÍ og einn í meitaranámi í sérkennslufræðum. Kópavogsbær hefur staðið vel við bakið á starfsfólki sínu til að bæta við sig námi.

6. Foreldrasamstarf

6.1 Áherslur

Okkar áhersla er að eiga góð dagleg samskipti við foreldra. Jákvæð samskipti og traust eru þar grunnforsendur sem við viljum halda í heiðri. Stefnt hefur verið að því að auðvelda foreldrum þátttöku í starfsemi skólans m.a. með því að hafa tímasetningar á viðburðum á morgnanna.

6.2 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Kynning fyrir nýja foreldra. Nýir foreldrar fá kynningu á Heilsubók barnsins ásamt umræðu um leikskólastarf í þátttökuaðlöguninni. Á hverju hausti er kynning á vetrarstarfinu, aðventustund í byrjun desember, sveitaferð að vori, opið hús og sumarhátíð, foreldrum er boðið á þessa viðburði. Starfrækt er foreldrafélag og foreldraráð við skólann.

6.3 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Boðið er í foreldrasamtal barna 2ja – 4 ára í mars og foreldrum barna sem eru fimm ára er boðið í foreldraviðtal í nóvember. Foreldrar geta fengið viðtal á öðrum tíma ef þeir óska þess. Kynningarfundur er á starfinu, heimasíðan er öflugur vettvangur fyrir foreldra, deildarstjórar senda tölvupóst á foreldra sem og leikskólastjóri. Stefnt er að því að uppfæra heimasíðu okkar betur með það í huga að hver deildarstjóri eigi auðveldara með að setja inn myndir og efni til upplýsinga fyrir foreldra.

6.4 Foreldraráð og foreldrafélag

Hlutverk foreldraráðsins er að gefa umsagnir til leikskólans um starfsáætlun og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig að vinna að þeim málum sem varða hag barna, foreldra og starfsfólk skólans, samkvæmt lögum og reglum um leikskóla. Foreldraráðið fundar ca 2 – 4 á skólaári oftast ef þörf krefur.

Stjórn foreldrafélagsins fundar ca 4 – 6 sinnum að vetri eftir vinnu, ásamt tengilið skólans Ágústu Dröfn Kristleifsdóttir, stjórnin velur sér formann, gjaldkera og ritara. Stjórn Foreldrafélagsins /gjaldkeri heldur utan um sjóð sem foreldrar greiða í 1x á ári, fjármunum er varið í skemmtanir fyrir börnin s.s. jólaball, sveitaferð, leiksýningar.

7 Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

Hjá Kópavogsbæ var komið á formlegu samstarfi allra leik- og grunnskóla árið 1998 Skólatróð, Kópasteinn og Kópahvoll eru í samstarfi við Kópavogsskóla. Leikskólarnir í vesturbænum, Marbakki, Kópasteinn og Urðarhóll eru í samstarfi við Kársnesskóla. Samstarfið hefur verið að kennarar leikskólans funda með kennurum Kársnesskóla og skipuleggja heimsóknir í bekkjar í leikskólann á haustinn og leikskólabörnin fara í heimsókn í grunnskólann á vorin. Fjórði bekkur hefur komið í tilefni að degi íslenskrar tungu og lesið fyrir leikskólabörnin. Einnig hefur verið unnið sameiginlega að verkefninu Gengið gegn einelti.

Pennan vetur erum við að fara af stað í þróunarverkefni með Kópavogsskóla um að skapa betri samvinnu milli skólastiga og er einnig verið að skoða í hvaða mynd á að endurbæta Skólatróð þar sem húsið er að hrúna komið.

7.2 Samstarf við aðra

Samstarf er við Tæknideild bæjarins varðandi viðhald lóðar og húss, einnig ef um verklegar framkvæmdir eða er að ræða. Kópavogsbær styrkti ýmis menningarmál með því meðal annars að bjóða leikskólum í menningarhús bæjarins.

Stofnanir innan Kópavogsbæjar og utan sem við erum í samstarfi við: Félagsþjónustan - Barnavernd, Sunnuhlíð og Gjábakki, Heilsugæslan, Barnahús, Sunddeild Breiðabliks, Lýðheilsustöð, Vinnueftirlitið, Heilbrigðiseftirlitið, Greiningastöð ríkisins, Mennta og Menningarmálaráðuneytið, Háskóli Íslands Menntasvið, RannUng, Háskóli Reykjavíkur, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og Samtök heilsuleikskóla

7.3 Nemar

Þetta skólaár erum við með tvo heimaskólanema á vegum HÍ. Annar á fyrsta ári og hinn á þriðja ári í leikskólakennarafræðum.

8. Öryggismál

Við skólann eru tveir öryggisverðir þær Sólveig Kristjánsdóttir og Katrín Hermannsdóttir, öryggistrúnaðarmaður er Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir. Við fylgjum öryggisferlum ef slys bera að og eins ef þörf er á að rýma skólann. Allir starfsmenn fengu námskeið um slysavarnir janúar í 2015 og verður það endurnýjað nú í janúar 2018.

Lokaorð

Við hér í Urðarhóli erum stolt af því starfi sem unnið er dag hvern. Almennt er góð samvinna foreldra og kennara um nám barnsins og gott er að fá ábendingar og hrós þegar við á. Til að skólaþróun eigi sér stað er alltaf gott að staldra við og fara yfir farinn veg og horfa til framtíðar.

Síðasta skólaár var hreyfistarfið elft þar sem við fengum til okkar íþróttakennara sem hélt utan um skipulagðar hreyfistundir og útinám auk þess sem deildar nýttu betur salinn eftir hádegi. Við tókum inn YAP hreyfiþjálfun sem er góð viðbót auk þess sem ráðist var í að setja upp klifurvegg sem var samvinnuverkefni kennara skólans. Markmið okkar í hreyfingu sameinast í klifurveggnum þ.e. að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor.

Skólatraðarhúsið er orðið ansi lélegt og voru gerðar lítilsháttar lagfæringar síðla sumars. Kominn er af stað starfshópur til að finna farveg að nýju Skólatraðarhúsi og er Kópavogsskóli með í þeim hópi. Verið er að horfa til þess að auka samvinnu og samfellu skólastiga. Það verður spennandi að sjá hvert það mál leiðir okkur.

Við hér í Urðarhóli höfum áhyggjur af löngum skóladegi leiksskólabarna þar sem skóladagurinn hefur lengst að meðaltali um eina klukkustund á síðustu tíu árum. Börnin eru einnig mörg í litlu rými sem sakapar mikið álag á börnin. Við finnum að barnahópurinn er oft þreyttur í lok dags og viljum við því skoða betur geðheilsu og leiðir til að efla geðrækt í okkar skóla. Einnig finnum við að nauðsynlegt er að gefa kennurum meiri tíma til undirbúnings og skipulags til að auka faglega umræðu sem skapar aukin gæði í námi barnsins.

Skólaárið 2017 – 2018 leggst vel í okkur og erum við þakklát því góða fólki sem leggur allt sitt í að efla þroska og færni barnanna í gegnum leik. Við fögnum því að 58 % starfsmanna eru leiksskólakennarar auk þess sem við erum með öflugan leiðbeinendahóp sem er áhugasamur og margir að bæta við sig námi í leiksskólafræðum.

Þetta skólaár ætlum við að leggja áherslu á geðrækt þar sem starfsfólk er þátttakendur í verkefni dr. Sólfríðar Guðmundsdóttur, geðhjúkrunarfræðings um geðrækt. Í kjölfarið er um helmingur starfsmanna á námskeiði „Veldu vellíðan“ sem er verkefni til að taka ábyrgð á eigin heilsu til að fyrirbyggja streitu og kulnun í starfi. Það er von okkar að við getum fengið foreldrana með okkur í sambærilegt verkefni á næsta skólaári.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki skólans fyrir metaðarfullt starf. Það leggur allt sitt á vogaskálarnar til þess að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun. Það er starfsfólki skólans að þakka hve gott orðspor fer af Heilsuleiksskólanum Urðarhóli því enginn getur allt en allir geta eitthvað.

Fyrir hönd stjórnenda í Heilsuleiksskólanum Urðarhóli.
Sigrún Hulda Jónsdóttir, leiksskólastjóri

Kópavogi, 14. nóvember 2017

Efni: Umsögn foreldraráðs Heilsuleikskólans Urðarhóls um starfsáætlun skólans 2017-2018

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun skólans sem er ítarleg og vel fram sett með skýrt skilgreind markmið og stefnu. Foreldraráð samþykkir starfsáætlunina og vill hér undirstrika nokkra þætti hennar.

Fyrst ber að nefna hversu ánægjulegt er að fagmenntuðum leikskólakennurum hefur fjölgað í leikskólanum og eru þeir nú 58% starfsmanna, sem er aukning frá síðasta ári svo að ekki náist að uppfylla lágmarksviðmið samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla verður þetta háa hlutfall að teljast mjög gott. Einnig er ástæða til að fagna háum starfsaldri starfsmanna, lítilli starfsmannaveltu sem og þeirri miklu starfsánægju sem fram kemur bæði í starfsandakönnun og starfsmannasamtölum. Telja má að þessir þættir helgist af metnaði stjórnenda til þess að framfylgja skýrri stefnu leikskólans og stuðla að jákvæðu andrúmslofti fyrir starfsmenn og börn.

Eftirtektarvert er hversu mikil aðsókn er frá öðrum fagaðilum, bæði innlendum og erlendum, og áhugi á að kynna sér það starf sem fram fer á Urðarhóli, bæði stefnu skólans og einnig þau metnaðarfullu verkefni sem unnin eru. Nauðsynlegt er þó að gera ráð fyrir þeim tíma sem slíkar heimsóknir taka þegar horft er til mönnunar í skólanum. Einnig verður að gera ráð fyrir því við mönnun og fjármögnun að kennurum gefist svigrúm og tími til að sinna nauðsynlegum undirbúningi og faglegu samstarfi innan dagvinnutíma.

Helstu athugasemdir starfsmanna snúa að vinnuaðstöðu og vill foreldraráð undirstrika hversu brýn þörf er á að hefja endurbætur á húsnæði Skólaláðar sem fyrst. Húsnæðið er, eins og fram kemur í áætluninni, að hrúni komið og nauðsynlegt er að hefja þar umbætur. Ánægjulegt er að endurbætur hafi farið fram á húsnæði Urðarhóls og að starfsmenn upplifi þar betri hljóðvist, en góð hljóðvist er nauðsynleg bæði fullorðnum og börnum og forsenda þess að öllum líði vel í leik og starfi.

Lengd viðvera leikskólabarna eykur álag á starfsmenn og þreytu barnanna, en meðallengd dvalartíma barna á Urðarhóli er nú 8,1 klukkustundir. Foreldraráð tekur undir áhyggjur starfsmanna af þessum langa skóladegi og vill nota þennan vettvang til þess að hvetja Kópavogsbæ til að ganga í broddi fylkingar fyrir breytingum á þessari þróun. Það mætti t.d. gera með því að bjóða starfsmönnum bæjarins sveigjanlegan vinnutíma eða með því að taka aftur upp heimgreiðslur til foreldra sem nemur niðurgreiðslu bæjarins vegna leikskólarýmis barna til 2ja ára aldurs.

Mikið og gott starf er unnið á Heilsuleikskólanum Urðarhóli og vill foreldraráð nota tækifærið og þakka starfsfólki vel unnin störf.

Foreldraráð Heilsuleikskólans Urðarhóls 2017-2018

Anna Klara Georgsdóttir

Herdís Guðmundsdóttir

Hulda Jónasdóttir

Indriði Stefánsson